

**33. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
17. febrúar 2016 og hófst hann kl. 16:00**

Fundinn sátu:

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi, Anna Þóra Þorgilsdóttir varamaður, Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Ingibjörg Pálmadóttir boðaði forföll. Anna Þóra Þorgilsdóttir mætti í hennar stað.

Fyrir tekið:

1. 1410137 - Mannréttindastefna - samráðshópar

Áframhald umræðna um samráðshópa í málefnum fatlaðra, aldraðra og innflytjenda. Lagðar fram fyrirmyndir að reglum og erindisbréfum.

Sviðsstjóra falið að gera drög að erindisbréfum samráðshópa samkvæmt umræðum á fundinum.

2. 1411152 - Búsetumál fatlaðs fólks

Umræður um vettvangsferð Velferðar- og mannréttindaráðs og teymis í málefnum fatlaðra til Landssamtakanna Þroskahjálpar og Styrktarfélagsins Áss 5. febrúar s.l.

Velferðar- og mannréttindaráð lýsir ánægju sinni með vettvangsferðina og þakkar fulltrúum Samtakanna Þroskahjálpar og Áss Styrktarfélags góðar móttökur.

Ráðið óskar eftir upplýsingum frá Kópavogi, Hafnarfirði og Reykjavík um reynslu þeirra af samstarfi við Ás styrktarfélag og þjónustusamninga.

3. 1501132 - Trúnaðarmál

Vísað til trúnaðarbókunar Velferðar- og mannréttindaráðs.

4. 1503106 - Stefnumótun Velferðar- og mannréttindasviðs

Umræður um verklag við stefnumótun í málefnum fatlaðra. Á fundi teymis í málefnum fatlaðra var kom fram að nokkuð er til af upplýsingum sem aflað hefur verið frá notendum, aðstandendum og öðrum hagsmunaaðilum. Teymið leggur til að farið verði yfir það efni og unnin drög að stefnu sem lögð yrðu til grundvallar fyrir umræðu á fundum með hagsmunaaðilum.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir tillögu teymisins.

5. 1504123 - Fundargerðir 2015 - Starfshópur um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6

Fundargerð 16. fundar samstarfshóps um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6 frá 8. desember lögð fram til kynningar.

JF ^{V6}
7

6. **1601358 - Fundargerðir 2016 - samráðshópur um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6**

Fundargerðir 17.-21. fundar samráðshóps um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6 lagðar fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

Vilborg P. Guðbjartsd.
Eir T. Bránn
Gunnur,
Hanna Þórz Þórgunnardóttir
Jón H. Jónsson
Sveinbjörg Krösfeld.